
FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2005-02
Fundartími: Föstudagur 13. maí 2004 kl. 13:30-15:00
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1) Eldsneytisnotkun og gögn fyrir Umhverfisstofnun. Fulltrúar frá umhverfisráðuneyti og Umhverfisstofnun mæta á fundinn.
- 2) Störf eldsneytishóps.
- 3) Markmið hópa.
- 4) Störf raforkuhóps.
- 5) Notkunarflokkar raforku og gögn um afl.
- 6) Störf jarðvarmahóps.
- 7) Almennar forsendur orkuspáa.
- 8) Önnur mál.

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd: Þorkell Helgason/Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir
Magnús Ásgeirsson
María Jóna Gunnarsdóttir
Sigurður Ágústsson

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson

Orkustofnun: Árni Ragnarsson

Fjarverandi: Benedikt Valsson
Haukur Ingibergsson
Magnús Magnússon

Gestir: Óttar Gíslason
Birna Hallsdóttir

ÁR sagði að Samorka hefði skipað annan fulltrúa, Maríu Jónu Gunnarsdóttur, í nefndina sem kæmi þá inn sem sérfræðingur í jarðhitamálum auk þess sem sérfræðingur þeirra varðandi raforkumál yrði nú Sigurður Ágústsson og tæki hann einnig sæti í raforkuhópnum.

- 1) RÍP bauð Óttar og Birnu velkomin. Hugi sagði að gera þyrfti spá um útstreymi gróðurhúsalofttegunda í ár vegna Loftlagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Einnig er starf í gangi við endurmat á stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í loftlagsmálum en síðasta slík stefnumörkun er frá 2002. Í loftlagssamningnum er miðað við að gerðar séu þrjár spár, sú fyrsta miðar við þær aðgerðir sem þegar hafa verið ákveðnar, önnur miðar við að gerðar séu frekari aðgerðir og sú þriðja miðar við að engar aðgerðir séu gerðar. Mestu máli skiptir að fyrsta spáin sé gerð. RÍP

sagði að hugsanlegt væri að endurreikna spá á þriggja ára fresti og endurskoða á 6 ára fresti til að þetta færi saman við vinnu vegna loftlagssamningsins. Hún spurði hvenær þetta þyrfti að vera tilbúið. Óttar sagði að eldsneytisspáin þyrfti að liggja fyrir í september. ÞH sagði að nefndin skyldi endurreikna eldsneytisspána og fól RÍP að athuga með hvernig sú vinna yrði kostuð. Óttar og Birna viku þá af fundi.

- 2) JV fór yfir störf eldsneytishóps sem hefur haldið einn fund frá því nefndin kom síðast saman. Á þeim fundi var farið yfir áætlaða notkun ársins 2003 og tölur bornar saman við spá. Einnig var farið yfir söfnun gagna og markmið með starfi hópsins samþykkt.
- 3) JV fór yfir tillögu að markmiðum með starfi orkuspárnefndar. RÍP nefndi að hugsanlega muni Orkustofnun sjá um liði 3) og 5). JV benti á að þær tölur sem nefndin væri að nota varðandi húsrými væru ekki mikið notaðar á Orkustofnun en þó hefði ÁR stundum fengið þær frá honum. JV fór yfir markmið með raforkuhópi og eldsneytishópi og ÁR fór yfir markmið með jarðvarmahópi. Samþykkt var að birta markmiðin á heimasíðu orkuspárnefndar. JV dreifði einnig uppkasti að stuttu yfirliti um sögu orkuspárnefndar og fór yfir það. ÞH lagði til að Jakob Björnsson yrði beðinn um athugasemdir og var það samþykkt. Samþykkt var að fundarmenn hefðu frest til fimmtudags í næstu viku til að koma með athugasemdir.
- 4) JV fór yfir störf raforkuhóps en hópurinn hefur haldið fjóra fundi frá því nefndin kom síðast saman. Unnið hefur verið að reglubundinni söfnun gagna og úrvinnslu auk þess sem nýr raforkuhópur hefur verið að fara yfir drög að nýrri raforkuspá. RÍP sagði að Orkustofnun hefði kannað hjá vinnsluaðilum raforku hvernig gögn um vinnslu mundu berast stofnuninni í nýju umhverfi. Landsvirkjun hefur svarað og sagt að gögnin mundu koma frá Landsneti en einungis væri heimilt að birta heildartölur en ekki gögn um einstaka virkjanir.
- 5) JV sagði að notkunarflokkar raforku væri komnir frá öllum veitum. Hann sýndi síðan raforkunotkun ársins 2004 eftir notkunarflokkum. Töpin líta eðlilega út sem bendir til þess að þessi úrvinnsla sé aftur komin í gott horf.
- 6) ÁR sagði að ekkert væri að fréttu að störfum jarðvarmahóps þar sem hann hefði ekki ennþá komið saman á árinu en send hafa verið út bréf um tilnefningar í hópinn. Ákveðið var að Þorgils Jónasson yrði starfsmaður hópsins.
- 7) Ekki var farið yfir almennar forsendur orkuspáa þar sem það vantaði alla sérfræðinga nefndarinnar í hagstærðum á fundinn.
- 8) JV benti á að heimasíða nefndarinnar væri orðin gömul og tími kominn á að uppfæra hana. Hann sýndi heimasíðu START hópsins sem hann væri nýbúinn að uppfæra (www.afl.is/start). RÍP sýndi nýlega heimasíðu sem Orkustofnun hefur

sett upp (www.orkutolur.is). Ákveðið var að færa heimasíðu orkuspárnefndar til OS og samræma útlit við OS-heimasíður

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 11. nóvember 2005 kl 13:30. Fundi slitið kl. 15:10.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Saga Orkuspárnefndar. Drög 1. (JV)
- Markmið með starfi Orkuspárnefnd. (JV)
- Starfsemi jarðvarmahóps Orkuspárnefndar. (ÁR).
- Drög 4 að frumvarpi til laga um upplýsingagjöf um innflutning, sölu og geymslu eldsneytis. (JV)

Sýnt var á skjávarpa:

- Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 13. maí 2005. Eldsneytishópur Orkuspárnefndar. (JV)
- Markmið með starfi raforkuhóps. (JV)
- Markmið með starfi eldsneytishóps. (JV)
- Verklag raforkuhóps Orkuspárnefndar varðandi birtingu gagna frá orkufyrirtækjunum, sjá orkuspa.is. (JV)
- Notkunarflokkar raforku 1995-2004. (JV)
- Heimasíða START hópsins (www.afl.is/start). (JV)
- Heimasíða Orkustofnunar varðandi orkutölur (www.orkutolur.is). (RÍÐ).